

Ef vísvitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og XXVI. kafla laganna, ef við á.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir skal senda til sýslumanna, bæjarfógeta eða hreppstjóra, í Reykjavík til lögreglustjóra, sem síðan senda beiðnir áfram til fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið sendir síðan endurgreiðslurnar til sýslumanna og bæjarfógeta, sem annast útborgun til þeirra, sem í hlut eiga.

Erindi um endurgreiðslur innflutningsgjalds af benzíni fyrir undanfarið ár skulu vera komin til réttis lögreglustjóra fyrir 15. febrúar ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa horizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. marz ár hvert. Erindi sem berast ráðuneytinu eftir 15. marz koma til afgreiðslu næsta ár á eftir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. vegalögum nr. 71 30. des. 1963 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 222 30. des. 1958.

Endurgreiðslan á árinu 1968 vegna notkunar árið 1967 skal fara eftir ákvæðum þessara reglna.

Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

3. júlí 1968.

Nr. 219.

REGLUGERÐ

um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1967.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1968, er miðast við legudagafjölda 1967.

2. gr.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar lækniþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

3. gr.

Í I. flokki B eru:

Borgarspítalinn í Reykjavík,
Sjúkrahús Akureyrar.

Í II. flokki A eru:

Hvítabandið,
Sjúkrahús Akraness,

Sjúkrahús Ísafjarðar,
Sjúkrahús Neskaupstaðar,
Sjúkrahús Keflavíkur.

Í II. flokki B eru:

Sjúkrahús Sauðárkróks,
Sjúkrahús Siglufjarðar,
Sjúkrahús Árnesinga.
Sjúkrahús Vestmannaeyja.

Í III. flokki A eru:

Farsóttahúsið í Reykjavík,
Sjúkrahús Patreksfjarðar,
Sjúkrahús Hvammstanga,
Sjúkrahús Blönduóss,
Sjúkrahús Húsavíkur,
Sjúkrahús Seyðisfjarðar,
Sólvangur í Hafnarfirði.

Í III. flokki B eru:

Sjúkraskýli Þingeyrar,
Sjúkraskýli Flateyrar,
Sjúkraskýli Bolungarvíkur,
Sjúkraskýli Hólmanvíkur,
Sjúkraskýli Vopnafjarðar,
Sjúkraskýli Egilsstaða.

4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

| | |
|-----------------------|------|
| Í I. flokki A | 100% |
| Í I. flokki B | 90% |
| Í II. flokki A | 70% |
| Í II. flokki B | 60% |
| Í III. flokki A | 50% |
| Í III. flokki B | 40% |

5. gr.

Samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1968, sbr. 104-213-02, er styrkupp hæðin kr. 12 420 000.00 og skiptist hún í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

| | |
|----------------------|-----------|
| I. flokkur B | kr. 60.00 |
| II. flokkur A | — 47.00 |
| II. flokkur B | — 40.00 |
| III. flokkur A | — 33.00 |
| III. flokkur B | — 27.00 |

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1967 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúslögum nr. 54 10. júlí 1964 öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júlí 1968.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.